

Samkomulag á milli Sorpu bs. og Kópavogsbæjar um tímasetningu lokunar endurvinnslustöðvar Sorpu bs. að Dalvegi 1, Kópavogi.

Kópavogsbær hefur tilkynnt Sorpu áform um lokun endurvinnslustöðvar á Dalvegi frá og með 1. september 2024. Ákvörðunin er tekin í tengslum við skipulagsáform bæjarins í Kópavogsdal sem miða að því að dalurinn verði fyrst og fremst nýttur á grundvelli sjónarmiða útivistar, lýðheilsu og íþróttastarfs eins og kveðið er á um í nýrri skýrslu starfshóps um svæðið.

Undanfarna mánuði hefur verið að störfum starfshópur á vegum Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Sorpu sem hefur það verkefni að finna nýja staðsetningu fyrir endurvinnslustöð í stað Dalveggar. Vinna hópsins er vel á veg komin og stefnt er á að henni ljúki á næstu vikum. Sorpa áformar að reisa nýja endurvinnslustöð við Lambhagaveg og stefnt er að því að hún verði tekin í notkun haustið 2025.

Til að koma í veg fyrir þjónustuskerðingu til íbúa fram undir þann tíma er Lambhagi verður tekinn í notkun samþykkir Kópavogsbær að fresta lokun Dalvegsstöðvarinnar til 1. september 2025.

Ekki er fyrirséð að ný stöð verði tilbúin til notkunar í landi Kópavogs/Garðabæjar þegar til lokunar kemur á Dalvegi. Til að bregðast við því ástandi verður gripið ráðstafnana innan núverandi kerfis endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu, til dæmis með áframhaldandi rekstri endurvinnslustöðvarinnar við Sævarhöfða eftir að stöð við Lambhagaveg tekur til starfa, og lengri opnunartíma á öðrum endurvinnslustöðvum SORPU til að mæta því álagi sem líklegt er að verði á aðrar stöðvar þegar stöðin við Dalveg lokar.

Kópavogi, 1. júlí 2024

F.h. Sorpu bs.

F.h. Kópavogsbæjar